

Hluti úr Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015–2027 m.s.br. samkvæmt aðalskipulagsbreytingu staðfesta af Skipulagsstofnun þann 3. des 2021.

BLÁSKÓGABYGGÐ

Skálabrekka - Heiðabær

F10 - frístundabyggð

Óveruleg breyting á aðalskipulagi

9. janúar 2026

Skýringar:

Um er að ræða óverulega breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015–2027 m.s.br. sem tekur til frístundabyggðarsvæðis merkt F10 – Skálabrekka – Heiðabær. Svæðið er skilgreint samkvæmt aðalskipulagsbreytingu fyrir Skálabrekku – Eystri og Skálabrekku – Miðhluta, sem var staðfest af Skipulagsstofnun 3. desember 2021. Ekki eru gerðar neinar breytingar á uppdrætti aðalskipulags.

Tilgangur aðalskipulagsbreytingarinnar er að uppfæra töflu og lýsingu svæðisins, þannig að aðalskipulagið sé í samræmi við gildandi deiliskipulög á svæðinu.

Eftirfarandi deiliskipulög eru í gildi innan svæðisins F10:

- * Deiliskipulag fyrir Skálabrekku 1, samþykkt 20. desember 2005, þar er gert ráð fyrir 1 lóð.
- * Deiliskipulag fyrir Skálabrekku, samþykkt 5. október 2006, þar sem gert er ráð fyrir 26 lóðum.
- * Deiliskipulag fyrir Heiðarbæ lóð, landnr. 170196, samþykkt 4. október 2018, þar sem gert er ráð fyrir 1 lóð.
- * Deiliskipulag fyrir Lindarbrekkugötu, Unnargötu og Guðrúnargötu, samþykkt 7. maí 2015, þar sem gert er ráð fyrir 21 lóð. Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulaginu, dagsett 9. apríl 2025, þar sem gert er ráð fyrir að lóðum verði fjölgað um 2, þannig að þær verði alls 23.
- * Deiliskipulag fyrir Skálabrekku Eystri – Hellunes, landnr. 224848, samþykkt 25. maí 2021, þar sem gert er ráð fyrir 28 lóðum.

Fjöldi lóða á svæðinu samkvæmt samþykktu deiliskipulagi verða þá 79 og eru því gerðar breytingar á töflu fyrir F10 Skálabrekka - Heiðabær í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2017.

Núverandi skilmálar eru samkvæmt aðalskipulagsbreytingu (bls. 8) fyrir Skálabrekku - Eystri og Skálabrekku - Miðhluta eftirfarandi:


Frístundabyggð			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F10	Skálabrekka og Heiðabær	Hluti svæðisins er deiliskipulagður, þar er gert ráð fyrir 21 lóð. 35 lóðir byggðar. Stærð svæðisins er um 134 ha.	Skálabrekka Heiðabær

Skilmálar eftir breytingu:

Frístundabyggð			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F10	Skálabrekka og Heiðabær	Hluti svæðisins er deiliskipulagður, þar er gert ráð fyrir 79 lóðum. 35 lóðir byggðar. Stærð svæðisins er um 134 ha.	Skálabrekka Heiðabær

Aðalskipulagsbreyting þessi felur ekki í sér nýjar heimildir til uppbyggingar, heldur eingöngu samræmingu aðalskipulags við gildandi og áður samþykkt deiliskipulög á svæðinu.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í sveitarstjórn þann 04.02. 2026


Umhverfis- og loftslagsráðgjafi
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. maí 2026


Ólafur Jónsson
Staðfesting

Staðfesting aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann20

HMS	Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt:	27. APR. 2026
Málnr.	

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Hamrahlíð 23, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is